

Ed. 164. Tillaga til þingsályktunar

um útgáfu lagasafnsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela einum lögfræðingi að annast endurskoðun og endurútgáfu lagasafnsins. Jafnframt verði lögð áherzla á, að hið nýja lagasafn verði gefið út svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Alþingi hefur fyrir nokkrum árum skorað á ríkisstjórnina að láta gefa út lagasafnið með þeim breytingum, sem orðnar eru á lögum landsins undanfarin tíu ár. Stjórnin mun hafa falið þetta verk þrem mjög færum lögfræðingum, en af einhverjum ástæðum hafa þeir ekki byrjað á verkinu. Þess vegna er hér lagt til, að forstaða útgáfunnar verði falin einum manni og lögð stund á að hraða útgáfunni. Lögbókin er nauðsynleg öllum þorra manna, vegna daglegra viðskipta. Jafnvel beztu lögfræðingar landsins telja sér mikinn verksparnað að hafa ætið sér við hönd tiltölulega nýtt lagasafn.